

## 43

17. maí

## 2. gr.

Sjóður þessi skal styrkja efnilegar fátækar stúlkur, sem hafa verið tvo vetur í Kvennaskólanum í Reykjavík, til framhalds náms þar í efstu bekkjum skólans.

Ef Kvennaskóli Reykjavíkur verður afdnuminn, sem sjerskóli til almennrar mentunar fyrir stúlkur eingöngu, skal þeim hluta af vöxtum sjóðsins, sem eigi er lagður við höfuðstólinn, varið til þess að styrkja efnalitlar stúlkur, sem sýnt hafa góða hæfileika til kennarastarfs, til þess að fullkomna sig í tvö eða þrjú ár í ment sinni í góðum skóla í Danmörku.

## 3. gr.

Af árlegum vöxtum sjóðsins skal einn fimti hluti lagður við höfuðstólinn honum til aukningar, en fjórum fimtu hlutum skal varið eins og segir í 2. gr. Ef fjórum fimtu hlutum ársvaxtanna er eigi varið öllum eitthvert ár stúlkum til styrktar, skal leggja afganginn þegar við höfuðstólinn.

Enginn styrkur úr sjóðnum skal vera minni en 100 krónur.

## 4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Honum stjórnar forstöðunefnd Kvennaskólans undir yflrumsjón stjórnarráðs Íslands, kenslumáladeildarinnar, og skal árlega birta reikning sjóðsins í stjórnartíðindunum. Ef Kvennaskólinn í Reykjavík eða forstöðunefnd hans yrði afdnumin, skal sjóðurinn falla undir stjórn kenslumáladeildar stjórnarráðsins og skal þá veita stúlkum námsstyrk úr honum eins og segir í 2. grein, síðari hluta.

## 5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal forstöðunefnd Kvennaskólans fá konunglega staðfestingu.

Kaupmannahöfn, Ole Suhrsgötu 18. 13. nóvember 1919,

*Bogi Th. Melsted.*

## 44

25. maí

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps«, útgefin 25. maí á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra stjórnarráðsins 25. maí 1920. Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

## fyrir Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps.

## 1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist Sjúkrasjóður Fellsstrandarhrepps, er stofnaður með gjöf til minningar um hjónin Jónas Jónsson og Kristbjörgu Einarsdóttur frá Skógum og er að upphæð 220 krónur — tvö hundruð og tuttugu krónur.

## 2. gr.

44

25. maí

Tekjum sjóðsins, vöxtum, gjöfum og tillögum skal varið þannig: Vextir leggist allir við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn 1000 krónur — eitt þúsund krónur. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, skal öllum tekjum hans og hálfum vöxtunum varið til að styrkja efnalítið fólk í veikindum eftir þeim reglum, sem settar eru í 3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 kr. — tíu þúsund krónur — má ákveða að leggja minna en hálfá vextina við höfuðstólinn, ef  $\frac{2}{3}$  þeirra, sem atkvæðisrjett hafa í safnaðarmálum í hreppnum samþykkja það; þó má aldrei leggja minna en  $\frac{1}{4}$  vaxtanna við höfuðstólinn.

Ef eigi skiftist upp við hina árlegu styrkveitingu, skal veita þeim mun meiri styrk næsta ár. Ef eigi er þá heldur sótt um styrk, skal hann leggjast við höfuðstólinn.

## 3. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veitast sjúklingum í Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu. Skal farið við styrkveitinguna eftir skýrslu hlutaðeiganda, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Má þar tilfæra kostnað við læknishjálp, sjúkrahússvist eða sjerstaka hjúkrun í heimahúsum og vinnutjón, ef sjúkdómurinn varir lengi og sjúklingurinn er efnalítill eða hefir fyrir ómögum að sjá.

Forgangsrjett að styrk úr sjóðnum getur fólk trygt sjer með því að greiða til hans fast árstíllag, er ekki sje minna en 5 krónur fyrir þá, sem eldri eru en 16 ára, en 2 krónur fyrir þá, sem yngri eru, þó skal tillagið hafa verið greitt í 2 ár áður en styrks er beiðst.

Þangað til sjóðurinn er orðinn 1000 krónur, skulu engir aðrir en þeir, sem árstíllag greiða, koma til greina að hljóta styrk úr honum.

Afkomendur áðurnefndra hjóna skulu hafa sama rjett til styrks úr sjóðnum sem innanhreppsmenn, þótt þeir eigi heima annarsstaðar, ef þeir greiða árstíllag.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn. Skal sóknarpresturinn sjálfkjörinn, en 2 skulu kosnir árlega af safnaðarmönnum. Kjörgengi og kosningarrjett hafa allir, sem kosningarrjett eiga í safnaðarmálum í Fellsstrandarhreppi. Stjórnarkosning skal fram fara fyrri hluta sumars á kirkjufundi og skal hún boðuð fyrirfram um allan hreppinn. Sóknarpresturinn er sjálfkjörinn formaður stjórnarnefndar og skal hann hafa á hendi bókfærslu alla og reikningskili.

## 5. gr.

Stjórnin skal hafa gjörðabók, er í skulu færðir reikningar sjóðsins og alt annað, sem hann snertir.

Minnargjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu auk þess skráðar í sjerstaka bók, sem geymd sje í kirkjunni á Staðarfelli.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins skal einhver ættingi frammannefndra hjóna hafa á hendi og sje hann kosinn árlega.

## 6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnuarsjóði Íslands eða annarsstaðar þar sem stjórn hans telur fulltryggilegt. Reiknings ár hans er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoð-

aðir leggjast fyrir safnaðarmenn til samþykktar á kirkjufundi um leið og stjórnarkosning  
44 fer fram.

25. maí

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skógum 1. október 1919.

Jóhann Jónasson. Guðni Jónasson.

45

1. júní

## Reglugjörð

um breyting á gjöldum, sem skulu greiðast Löggildingarstofunni fyrir löggildinguna og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum samkvæmt tilskipun nr. 3. 12. febrúar 1919.

1. gr.

		Löggildingargjald.	Eftirlitsgjald.
1. Vogarlöð:			
Þyngd .....	1—5 gr. ....	kr. 0,25	kr. 0,20
— .....	10 gr. og 20 gr. ....	— 0,35	— 0,30
— .....	50 gr. ....	— 0,40	— 0,30
— .....	100 gr. og 200 gr. ....	— 0,50	— 0,40
— .....	½ kg. ....	— 0,60	— 0,50
— .....	1 kg. og 2 kg. ....	— 0,80	— 0,60
— .....	5 kg. ....	— 1,00	— 0,80
— .....	10 kg. ....	— 1,50	— 1,20
— .....	20 kg. ....	— 2,00	— 1,60
2. Metaskálar, jafnarma:			
Vogarþol .....	3 kg. eða minna .....	— 6,00	— 5,00
— .....	5 kg. — .....	— 7,00	— 6,00
— .....	10 kg. — .....	— 9,00	— 7,00
— .....	20 kg. — .....	— 10,00	— 8,00
— .....	30 kg. — .....	— 12,00	— 8,00
— yfir 30 kg. ....	— .....	— 15,00	— 8,00
3. Borðvogir, jafnarma:			
Vogarþol .....	5 kg. eða minna .....	— 9,00	— 7,00
— .....	10 kg. — .....	— 10,00	— 8,00
— .....	20 kg. — .....	— 12,00	— 9,00
— .....	30 kg. — .....	— 14,00	— 9,00
— yfir 30 kg. ....	— .....	— 18,00	— 9,00